



Akraneskaupstaður



SAMSTARFSSAMNING UM AFREKSÍPRÓTTASVIÐ FVA

Hér með gera Fjölbrautaskóli Vesturlands (kt: 681178-0239, hér eftir FVA), Íþróttabandalag Akraness (kt: 670169-2199, hér eftir ÍA) og Akraneskaupstaður (kt: 410169-4449) með sér eftirfarandi:

1. gr.

FVA, ÍA og Akraneskaupstaður skuli mynda með sér fagrað sem skipað er einum fulltrúa frá hverjum samningsaðila. Fagraðið mun hafa aðhald og eftirlit með því starfi sem fram fer á afreksíþróttasviði FVA og fjalla um öll þau álita mál er til þess er vísað.

2. gr.

Afreksíþróttasvið FVA er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksmanna samhliða námi. FVA og ÍA munu hafa samráð um að iðkendur í verkefninu nái tilskildum árangri bæði á afreksíþróttasviðinu og í hefðbundnu námi. Forsenda fyrir námi á afreksíþróttasvið er háð því að FVA samþykki skólavist viðkomandi nemanda. Kröfur sem gerðar til nemenda á afreksíþróttasvið FVA eru að nemandinn:

- hafi stundað íþrótt sína í nokkur ár og vera virkur iðkandi í íþróttafélagi (staðfesting og umsögn frá þjálfara)
- sé vímuefnalaus íþróttamaður/íþróttakona
- geti tileinkað sér hugarfar og lífsstíl afreksíþróttu
- geti staðist eðlilega námsframvindu og ljúka u.þ.b. 15-19 einingum á önn ásamt því að hafa a.m.k. 95% skólasókn í öllum námsgreinum í FVA

3. gr.

Afreksíþróttasvið er námsbraut við FVA. Skólinn hefur yfirumsjón og ábyrgð með námsbrautinni og sér um að innheimta þátttökugjöld og greiða reikninga. Í desember skal gert fjárhagslegt uppgjör á brautinni og það lagt fram til samþykktar hjá samningsaðilum ásamt því sem fjárhags- og starfsáætlun fyrir vorönn 2016 er lögð fram til samþykktar. Fjárhagsáætlun skal ávalt miða að því að afreksíþróttasvið FVA sé rekið með hagnaði. Samningsaðilar eru sammála því að allur hagnaður, fjármunir og styrkir sem koma til afreksíþróttasviðs FVA skulu notaðir innan námsbrautarinnar.

4. gr.

Framlag ÍA til afreksíþróttasviðs FVA er að sjá um þjálfun í þeim íþróttagreinum sem boðið er uppá hverju sinni. Æfing á afreksíþróttasvið FVA er eins og hver önnur kennslustund í skólanum. Séu nemendur fleiri en 20 í tiltekinni íþróttagrein má telja það sem tvo hópa. FVA greiðir ÍA mánaðarlegan styrk til að standa undir því framlagi sem ÍA leggur fram. Greitt er samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun hveurrar annar og framvísun reiknings frá ÍA.

5. gr.

Framlag Akraneskaupstaðar til afreksíþróttasviðs FVA er afnot af æfingaaðstöðu í þreksal og íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar allt að 12 klst. á viku samkvæmt starfsáætlun.

6. gr.

Samningur þessi skal gilda frá frá 1. ágúst 2015 til 15. júní 2016.

Akranesi, xx.xx.2015

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Íþróttabandalag Akraness

Akraneskaupstaður